

Þriðjudaginn 28. febrúar 1961.

Nr. 209/1960. **Gunnar Ásgeirsson, Lárus Ingimarsson og Matthías Guðmundsson**

gegn

Þorsteini Thorarensen.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Gunnar Ásgeirsson, Lárus Ingimarsson og Matthías Guðmundsson, sem eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þeir stefnda, Þorsteini Thorarensen, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 500.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. marz 1961.

Nr. 70/1959. **H/f Marz** (Haukur Jónsson hdl.)

gegn

Almennum tryggingum h/f

(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. apríl 1959. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 171.506.89 eða aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar auk 6% ársvaxta frá 1. janúar 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda. Til vara krefst hann mikillar lækkunar á dómkröfum áfrýjanda og að málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa nokkur ný gögn verið lögð fram í málinu.

Áfrýjandi krefur stefnda um váttryggingarbætur vegna skemmda, sem hann telur, að orðið hafi á b/v Marz á þeim tíma, er togarinn var váttryggður hjá stefnda, þ. e. frá 15. apríl 1951 til 15. apríl 1956. Kveður áfrýjandi skemmdir þessar annað hvort hafa orðið vegna handvammarr skipverja eða af völdum óveðra, og beri stefnda því að bæta þær samkvæmt ákvæðum í váttryggingarsamningi aðilja.

Áfrýjandi tilkynnti stefnda ekki skemmdir þessar fyrr en í lok váttryggingartímabils, og er þó leitt í ljós, að frá því í október 1951 og þar til í október 1955 fékk áfrýjandi 32 sinnum váttryggingarbætur úr hendi stefnda vegna skemmda á skipinu, og skipið var, að sögn áfrýjanda, á þessum tíma fjórum sinnum á ári í slipp. Ekkert er heldur skráð í skipsbækur um skemmdir þessar. Er því allt á huldu um, hvenær þær hafa orðið, og verður ekki vitað, hvort eða að hve miklu leyti bótakröfur kunna að vera fyrndar samkvæmt ákvæðum 29. gr. laga nr. 20/1954. Þá veita og gögn þau, sem áfrýjandi hefur lagt fram til stuðnings staðhæfingum sínum um orsakir skemmdanna, ekki fullnægjandi vitneskju í því efni. Að svo vöxnu máli á áfrýjandi því ekki rétt til váttryggingarbóta úr hendi stefnda vegna skemmda þessara, sbr. 17. lið í váttryggingarsamningi aðilja og 21. og 22. gr. laga nr. 20/1954. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, h/f Marz, greiði stefnda, Almennum tryggingum h/f, kr. 5.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 24. febrúar 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur h/f Marz, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með utanréttarstefnu, dags. 4. apríl 1957, gegn Almennum tryggingum h/f, hér í bænum, til greiðslu tjónbóta, að fjárhæð kr. 171.506.89 auk 6% ársvaxta frá 1. janúar 1957 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að stefnukröfurnar verði færðar niður til verulegra muna og málskostnaður þá látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að togari stefnanda, b/v Marz, RE 261, var í váttryggingu hjá stefnda frá 15. apríl 1951 til 15. apríl 1956 með skildögum um alla áhættu togara (trawler all risk clauses). Á þessum tíma hafði togarinn verið tekinn í dráttarbraut að jafnaði fjórum sinnum á ári til viðgerðar á tjónum, er undir váttrygginguna féllu. Að beiðni stefnanda voru hinn 15. marz 1956 tveir hæfir og óvilhallir menn dómkvaddir á bæjarþingi Reykjavíkur til þess að meta til peningaverðs „viðgerðir á dældum á skrokk b/v Marz svo og plötu- og dekkviðgerð við hálfdekk í framhaldi af bráðabirgðaviðgerð, sem gerð var við hálfdekk seint á árinu 1955“. Segir í bréfi stefnanda til bæjarþingsins, að mats sé beiðzt vegna þess, að skipt verði um váttryggjendur skipsins á næstunni, og því sé nauðsynlegt, að örugg vissa sé fyrir því, hvaða viðgerðir það séu, sem framkvæma beri á kostnað núverandi váttryggjenda skipsins, svo að komið verði í veg fyrir deilur um það síðar meir. Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu manna, sem dagsett er 26. október 1956, fór aðalskoðun þeirra á b/v Marz fram 15. marz 1956. Auk matsmannanna voru viðstaddir skoðun þessa trúnaðarmaður stefnda, trúnaðarmaður váttryggingarfélags þess, er váttrygging skipsins fluttist til, og skoðunarmaður Lloyd's. Í matsgerðinni er skemmdum á skipinu lýst svo, að nokkrar plötur bæði á stjórnborðs- og bakborðshlið þurfti viðgerðar eða endurnýjunar við. Þá sé dekksvinkill við hádekk brotinn og handriðstréð aftast á bátahilfari allt ónýtt. Virða matsmennirnir kostnað við viðgerð á skemmdunum til peningaverðs og áætla tímann, sem viðgerðin muni taka.

Viðgerð á umræddum skemmdum fór fram í nóvember og desember 1956, og framkvæmdi Stálsmiðjan h/f, hér í bænum.

um, hana samkvæmt verktíloboði, sem gert var, áður en viðgerðin hófst.

Stefnandi heldur því fram og reisir á því dómkröfur sínar, að umræddar skemmdir hafi orðið á skipinu á váttryggingartímanum og með þeim hætti, að váttryggingarsamningur aðiljanna taki til þeirra. Að vísu sé ekki unnt að rekja skemmdirnar til ákveðinna atburða, en augljóst sé, að skipið hafi ekki skemmt af sjálfu sér. Beri stefnda því að greiða viðgerðarkostnaðinn svo og annan kostnað, er af viðgerðinni hafi leitt. Hefur stefnandi sundurliðað kröfu sína svo:

1. Viðgerðarkostnaður	kr. 142.638.50
2. Kostnaður vegna mannahalds, meðan á viðgerð stóð	— 21.754.36
3. Kostnaður vegna gæzlumanns	— 4.127.64
4. Reikningur trúnaðarmanns Lloyd's	— 2.530.00
5. Slysatrygging 9 manna, meðan á viðgerð stóð —	456.39

Alls kr. 171.506.89

Kröfu sína um sýknu styður stefndi fyrst og fremst þeim rökum, að engar sannanir liggi fyrir um það, að skip stefnda, b/v Marz, hafi á váttryggingartímabilinu orðið fyrir þeim tjónum, sem hér er krafist bóta á, eða þó svo yrði litið á, að tjónin hafi þá orðið með þeim hætti, að þau falli undir váttryggingarsamninginn. Bendir stefndi í þessu sambandi á, að stefnandi hafi aldrei gert neina tilraun til þess að rekja tjónin á skipinu til ákveðinna atburða né heldur til þess að sýna fram á, að þau féllu undir váttryggingarsamninginn. Þetta hafi stefnanda þó átt að vera í lófa lagið, þar sem skipið hafi á váttryggingartímanum verið tekið svo oft sem áður er sagt í dráttarbraut vegna skemmda, er undir váttrygginguna hafi fallið.

Í öðru lagi styður stefndi sýknukröfuna þeim rökum, að kröfur stefnanda til tjónbóta, þótt einhverjar hefðu verið, séu niður fallnar vegna fyrningar og vangeymslu. Samkvæmt váttryggingarsamningnum sé það frumskylda váttryggða að tilkynna váttryggingarsala, þegar tjón ber að höndum, svo að váttryggingarsali geti gætt hagsmuna sinna. Þessari frumskyldu hafi stefnandi ekki fullnægt. Í þessu sambandi beri og á það að líta, að hann (stefndi) endurtryggi, svo sem öll önnur váttryggingarfélög, hvert það tjón, er undir váttryggingarsamninginn falli, og á honum hvíli sú skylda, að tilkynna endurtryggjendum um bótaskyld tjón. Þetta hafi honum ekki verið unnt, þar sem hon-

um sjálfum hafi engar tilkynningar borizt frá stefnanda, og sé þannig fullkomin hætta á, að hann hafi fyrirgert öllum rétti á hendur endurtryggingdum vegna umræddra tjóna.

Telja verður sennilegt, eftir því sem fram hefur komið, að skemmdir þær, sem hér um ræðir, hafi orðið á b/v Marz á váttryggingartímanum, en hins vegar er og þegar komið fram, að ekki er unnt að rekja þær til ákveðinna atburða, ekkert hefur fundizt skráð um þær eða tildrög þeirra í leiðarabók skipsins. Á reikningi, sem stefnandi hefur lagt fram yfir viðgerðarkostnað þann, er hann krefst endurgreiðslu á, kemur fram, að viðgerðin hefur aðallega beint að plötuskemmdum á stjórnborðsbyrðingi skipsins. Við munnlegan flutning málsins taldi lögmaður stefnanda sennilegt, að skemmdirnar hefðu orðið smátt og smátt, og orsök þeirra væri sú, að við togveiðar hefðu toghlerar og „bobbingar“ slegizt í skipshliðina. Á þetta álit lögmannsins má fallast. Nú hefur, eins og áður segir, ekkert komið fram, sem bendi til þess, að þetta hafi orsakast af sérstökum áföllum vegna slæms veðurs eða vegna mistaka skipstjórnarmanna eða annarra skipverja skipsins. Verður því ekki annað séð en umræddar skemmdir hafi orðið við almenna notkun b/v Marz við togveiðar, en ekki verður talið, að skemmdir, er eingöngu verða raktar til slíkrar venjulegrar notkunar skipsins, falli undir váttryggingarsamning aðiljanna.

Að þessu athuguðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ísleifur Árnason, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni og Hjálmari R. Bárðarsyni skipaskoðunarstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Almennar tryggingar h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, h/f Marz, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.
